



Fundargerð

436. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,
Þriðjudaginn 12. mars. 2019 kl. 15:00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt eru; Ingimar Ingimarsson oddviti (II), Karl Kristjánsson (KK), Árný Huld Haraldsdóttir(ÁHH), Jóhanna Ösp Einarsdóttir(JÖE) og Embla Dögg B. Jóhannsdóttir (EDBJ) auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 2 blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og setti fund. Hann óskaði eftir að „fundargerð ungmennaráðs frá 11. mars 2019“ verði tekin á dagskrá undir liðnum um fundargerðir og „svör við spurningum vegna Vestfjarðavegar“ undir önnur mál. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

Fundargerðir sveitarfélagsins.

- 1. 435. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps frá 19. feb. 2019:**
Fundargerð síðasta fundar tekin fyrir, samþykkt og undirrituð.
- 2. Stjórn Skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefndar frá 11. mars 2019:**
Formaður fór yfir fundargerðina.
Sveitarstjórn samþykkir 1. lið um viðgerð á sjóvarnargarði við Eyjólfsplan.
Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.
- 3. Brunamála- og almannavarnanefnd frá 26. feb. 2019:**
Formaður fór yfir fundargerðina. Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 4. Stjórn Barmahlíðar frá 11. mars 2019:**
Formaður fór yfir fundargerðina. Sveitarstjórn samþykkir fyrsta lið um endurnýjun lyftu í Barmahlíð.
Fundargerðin staðfest að öðru leyti.
- 5. Stjórn Ungmennaráðs:**
Undir þessum lið mættu fulltrúar Ungmennaráðs til fundarins og gerðu grein fyrir fundargerðinni.
Sveitarstjórn tekur vel í þær ábendingar sem fram koma í fundargerðinni og þeim er vísað til viðkomandi nefnda eða starfsmanna.
Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina fyrir sitt leyti.

Mál til afgreiðslu.

- 6. Styrkbeiðni frá Sjávarsmiðjunni:** Lögð fram beiðni um styrk frá Sjávarsmiðjunni að upphæð 245.289 kr. EDBJ véc af fundi undir þessu lið.
Sveitarstjórn óskar eftir fundi með Sjávarsmiðjunni áður en erindið verði afgreitt.
- 7. Samráðshópur v/ innviðagreiningar - tilnefning:**
Sveitarstjórn samþykkir að tilnefna Guðlaugu Guðmundu Ingibjörgu Bergsveinsdóttur í samráðshóp vegna innviðagreininga á Vestfjörðum.
- 8. Sorpflokkun Króksfjarðarnesi - erindi:**
Lagt fram erindi Ingibjargar Kristjánsdóttur með ósk um flokkunargáma fyrir Króksfjarðarnes, Gilsfjörð og innsveit.
Vísað til Umhverfisnefndar sem hefur verið að vinna að málinu.
- 9. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2018:**
Lögð fram tillaga að endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir síðasta ár. Frestað á milli funda.
- 10. Endurskoðun aðalskipulags - Vestfjarðavegur:**
Lagðar fram athugasemdir Skipulagsstofnunar við tillögu að aðalskipulagsbreytingu v/ Vestfjarðavegar. Sveitarstjóra falið í samráði við Vegargerðina og Alta að lagfæra tillöguna í samræmi við fram komnar athugasemdir Skipulagsstofnunar og síðan verði tillagan auglýst.
II og KK sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Mál til kynningar:

- 11. Fundur með Landsneti:**
Lagt fram boð á fund með Landsneti sem haldin verður á Hólmavík 20. mars nk.
Sveitarstjóra fali að tilkynna þá sem hafa hug á að fara fundinn.
- 12. Aðalfundur Lánasjóð sveitarfélaga:**
Lagt fram fundarboð á Aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga þann 29. mars nk.
Sveitarstjóri sækir fundinn.

Önnur mál:

- 13. Svör við spurningum vegna Vestfjarðavegar:**
Lögð fram drög svari við bréfum Helga Jenssonar og Eiríks Jónssonar. Samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:02.

_____	_____
_____	_____
_____	_____